



Fundargerð

Föstudaginn 6. desember 2019 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 13.00 á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar. Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Jón Gíslason, Dagný Úlfarsdóttir, Sigurgeir Þór Jónasson og varamaður Róbert Kristjánsson. Auk þess sat fundinn Alexandra Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri félagsþjónustunnar.

Formaður stjórnar, Jón Gíslason setti fundinn og stjórnaði honum. Framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2020 (seinni umræða)

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun Félags og skólaþjónustu A-Hún fyrir árið 2020. Í áætluninni er dregið saman rekstraryfirlit þar sem sést að heildartekjur samstæðu eru áætlaðar 257,3 milljónir og heildargjöld 238,9 milljónir. Rekstrarniðurstaða er því jákvæð um 18,3 milljónir. Í sjóðstreymi kemur fram að handbært fé frá rekstri er áætlað 1 milljón og afborganir langtímalána 4,7 milljónir. Fjárfestingahreyfingar eru áætlaðar 28,2 milljónir fjármagnaðar með handbæru fé. Í yfirliti um skiptingu heildarframlaga milli sveitafélaganna kemur fram að framlög til félagsþjónustu eru áætluð 103,3 milljónir, til skólaþjónustu 20,9 milljónir, vegna dreifnáms 4,5 milljónir og til öldrunarmála 1,5 milljónir. Samtals 130,1 milljón. Skipting heildarkostnaðar milli sveitarfélaganna er þannig: Blönduós; 51,5%, Skagaströnd; 24,2%, Skagabyggð; 4,7% og Húnavatnshreppur; 19,6%.

Stjórn ræddi áætlunina og fékk nánari skýringar á helstu atriðum hennar. Fjárhagsáætlun var samþykkt samhljóða.

2. Önnur mál

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 13:50

Jón Gíslason,
Jón Gíslason
Dagný Úlfarsdóttir
Dagný Úlfarsdóttir

Róbert Kristjánsson
Róbert Kristjánsson

Sigurgeir Þór Jónasson
Sigurgeir Þór Jónasson

Alexandra Jóhannesdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir